

Umsagnir og svör vegna matsskyldufyrirspurnar vegna stækkunar Búðanámu.

Nr.	Athugasemd	Svar framkvæmdaraðila
1	Minjastofnun Íslands, dags. 26.02.25	
1.1	„Óskað hefur verið eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um hvort ofangreind framkvæmd, þ.e. stækkun Búðanámu í landi MinnaHofs í Skeiða- og Gnúpverjahreppi, skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Í fyrirspurn um matsskyldur, dags. 27.01.2025, segir að Vegagerðin hugi á stækkun á Búðanámu vegna fyrirhugaðra framkvæmda á Búðafossvegi, sem leggja á suður frá þéttbýlinu í Árnesi, yfir Þjórsá, að Landvegi í Landsveit. Kemur fram að samkvæmt gildandi aðalskipulagi sé áætluð stærð námunnar um 1 ha og að heimiluð efnistaka sé 50.000 m³ en ætlunin sé að stækka námuna í 4,5 ha og auka efnistökuheimildir upp í 60.000 m³ Áætluð staðsetning námunnar er um 300 m norður frá Búðafossi í Þjórsá og um 450 m norðaustur af friðlýstu þingbúðasvæði gamla Árnesþingstaðarins, þaðan sem „Búða“ forskeytið í nafninu á fossinum er dregið. Kemur fram í áðurnefndri matsskyldufyrirspurn að náman sé óunnin, en hún komi til með að opnast til austurs. Minjastofnun fjallaði um breytingu á Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029 vegna sama máls, í umsögn dags. 7.01.2025. (Mál:1489/2024. MÍ nr. 202501-0013). Þar kemur fram að fyrirliggjandi sé fornleifaskráning sem gerð var vegna lagningar Búðafossvegar og var áhrifasvæði Búðanámu kannað í sama vettvangi. Alls voru skráðar 18 fornleifar á eða við áhrifasvæði vegaframkvæmdanna, en engar fundust þó á áætluðu námusvæði Búðanámu. Var svæðið, sem kannað var vegna námunnar, umtalsvert stærra en heimildir í gildandi aðalskipulagi segja til um og virtist það ná, að mestu, yfir áætlaða stækkun. (sjá. Ragnheiður Gló Gylfadóttir o.fl. Fornleifaskráning: Búðafossvegur. FS895- 22291. Fornleifastofnun Íslands ses,	Þessi hluti umsagnar krefst ekki svara.

	Reykjavík2022). Voru af þessum sökum ekki gerðar athugasemdir við aðalskipulagsbreytinguna.	
1.2	“Minjastofnun telur ekki þörf á frekara mati á umhverfisáhrifum Búðanámu með, tilliti til fornleifa, enda eru engar slíkar skráðar á námusvæðinu. Auk þess virðast sjónræn áhrif á minjar vera óveruleg þar sem náman lítur út fyrir að vera í hvarfi frá hinu friðlýsta búðasvæði Árnesþings. Þó er lögð áhersla á að gengið verði vel frá námusvæðinu að framkvæmdum loknum, enda er líklegt að með tilkomu Búðafossvegar muni opnast nýir möguleikar fyrir aðkomu gesta að hinu friðlýsta búðasvæði og því mikilvægt að hugað verði vel að útliti svæðisins. Þó er gerð athugasemd við að ekki er minnst á fornleifaskráninguna í greinargerð með matsskyldufyrirspurninni og kemur skýrsla Fornleifastofnunar heldur ekki fram í heimildaskrá. Er þrátt fyrir það fullyrt að engar fornminjar sé að finna inna hins fyrirhugaða efnistökusvæðis. Verður að teljast nokkuð undarlegt að ekki sé stuðst við áður nefnda skýrslu, sem þó var unnin vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Búðafossveg og þ.m.t. Búðanámu.”	Framkvæmdaraðili þakkar ábendingar um heimildir og frágang á framkvæmdarsvæði. Réttast hefði verið að vitna í skýrslu Fornleifastofnunar í matsskyldufyrirspurn en niðurstöður hennar hafa þó ekki áhrif á matið þar sem engar minjar eru skráðar innan svæðisins. Að lokinni efnistöku verður áhersla lögð á vandaðan frágang þannig að ásýndaráhrif verði sem minnst. Haft verður samráð við landeigendur um frágang svæðisins.
1.3	“Minjastofnun gerir ekki frekari athugasemdir við matsskyldufyrirspurn vegna Búðanámu, en að lokum er þó vert að minna á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 sem hljóðar svo: Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonnnun umsvífalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar	Þessi hluti umsagnar krefst ekki svara.

	Íslands.“	
2	Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, dags. 27.02.25	
2.1	Efni: Stækkun Búðanámu, nr. 0104/2025 - Unsögn um tilkynningu um framkvæmd Þann 29. janúar sl. móttók Heilbrigðiseftirlit Suðurlands erindi Skipulagsstofnunar í gegnum Skipulagsgáttina þar sem óskað er eftir umsögn embættisins um tilkynningu vegna fyrirhugaðar stækkunar Búðanámu E13 í landi Minna-Hofs í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Búðanáma er staðsett í hraunkantinum norður af Búðafossi í Þjórsá. Skv. gildandi aðalskipulagi er Búðanáma 1 ha að stærð og heimiluð efnistaka allt að 50.000 m³. Fyrirhuguð framkvæmd felur í sér að stækka námuna í 4,5 ha og auka heimilaða efnistöku í 60.000 m³. Nauðsynlegt þykir að stækka námuna þar sem grunnvatn stendur hátt á svæðinu og því ekki mögulegt að vinna efni jafn djúpt og áætlað var. Gert er ráð fyrir að vinnsludýpt sé að meðaltali um 2 m en það fer eftir aðstæðum. Náman er óunnin en efnið úr henni verður aðallega notað í vegagerð norðan við Þjórsá. Efnið verður flutt jafnóðum úr námunni á notkunarstað en akstur að og frá námunni verður á lokuðu vinnusvæði og flutningsvegalengd með efni að meðaltali undir 1 km fyrir hverja ferð. Ekki er gert ráð fyrir haugsetningu í námunni nema í mjög litlu magni. Gengið verður frá námunni þannig að botn efnistökusvæðisins verður mótaður með þeim jarðvegi sem fellur til og svarðlag nýtt í yfirborðsfrágang. Lögð hefur verið fram tillaga að breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029 vegna framkvæmdarinnar. Við mat á helstu umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar voru athuguð áhrif hennar á umhverfisþættina jarðmyndanir, vistgerðir, fuglalíf, landslag og ásynd, fornminjar og umferð þar sem talið var að fyrirhuguð breyting á afmörkun námunnar myndi hafa áhrif á þá þætti. Að teknu tilliti til grunnástands, viðmiða, mögulegra umhverfisáhrifa og mótvægisáðgerða voru áhrif framkvæmdarinnar talin engin á umhverfisþáttin fornminjar og óveruleg á aðra umhverfisþætti sem voru til skoðunnar. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur farið yfir ofangreinda tilkynningu fyrir téða framkvæmd og gerir engar athugasemdir. Embættið telur að tilkynningin geri nægjanlega grein fyrir eðli, umfangi og umhverfi framkvæmdarinnar, sem og mótvægisáðgerðum en ekki er gert ráð fyrir sérstakri vöktun umhverfisþátta á meðan á efnistöku stendur. Embættið telur að varanleg umhverfisáhrif framkvæmdarinnar séu	Umsögnin krefst ekki viðbragða af hálfu framkvæmdaraðila.

	óveruleg og að mögulegt sé að milda sjónræn og staðbundin áhrif í næsta nágrenni hennar með góðri umgengni á framkvæmdatíma og vönduðum frágangi umhverfis að framkvæmdum loknum. Embættið metur málið því sem svo að framkvæmdin kalli ekki á mat á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til þeirra viðmiða sem koma fram í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlaða. Heilbrigðiseftirlit Suðurlands veitir vinnslu jarðefna starfsleyfi skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Einnig veitir embættið starfsleyfi vegna starfsmannabúða skv. reglugerð nr. 903/2024 um hollustuhætti.	
	Náttúrufræðistofnun Íslands, dags. 27.02.25	
3.1	„Vísað er í tölvubréf sem barst í gegnum Skipulagsgátt, dags. 29. janúar 2025, þar sem Skipulagsstofnun óskar eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um matsskyldufyrirspurn vegna stækkunar Búðanámu í landi Minna-Hofs. Framkvæmdaraðili er Vegagerðin. Breytingin felur í sér stækkun námu E13 í Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Búðafossveg (nr. 23). Náman er óunnin, en stækka á efnistökusvæðið úr 1 ha í 4,5 ha og heimuluð efnistaka eykst úr 50.000 m³ í 60.000 m³. Efnisvinnsla í hrauni verður að meðaltali 2 m að dýpt og ræðst dýptin af grunnvatnsstöðu. Efnið verður aðallega notað í vegagerð norðan við Þjórsá. Fram kemur að ekki er talið hagkvæmt að flytja efni úr námum sem staðsettar eru lengra frá framkvæmdasvæði vegarins. Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér framkvæmdina og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:“	Þessi hluti umsagnar krefst ekki svara.
3.2	„Þjórsárhraunið er stærsta hraun á Íslandi runnið á nútíma fyrir um 8600 árum og tengist eldstöðvakerfinu í Bárðarbungu. Hraunið er áætlað um 970 km² að stærð og er að meðaltali um 26 m þykkt. Þjórsárhraunið er metið með hátt vísinda- og fræðslugildi og nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga (nr. 60/2013). Víða er Þjórsárhraunið þakið jarðvegi og gróðri, eða yngri hraunum, en í Uppsveitum	Búðanáma hefur verið á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps frá 2019 þar sem svæðið er skilgreint sem efnistökusvæði E13. Aðkomuvegur að efnistökusvæðinu er einnig sýndur á skipulagi. Búðanáma er nú þegar með leyfi fyrir vinnslu 50.000 m³ en á mjög litlum fleti. Skipulagsbreytingin miðar að því að stækka efnistökusvæðið í fleti og auka efnismagnið um 10.000 m³. Bent er á

	Árnessýslu eru nokkuð stór hraunasvæði þar sem yfirborð Þjórsárhraunsins er nær óraskað og vel greinilegt, t.d. sunnan við þéttbýlið Árnes. Samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga um sérstaka vernd kemur fram að forðast ber að raska eldhraunum frá nútíma nema að brýna nauðsyn beri til og er þar fyrst og fremst átt við brýna almannahagsmuni. Náttúrufræðistofnun getur ekki fallist á þá framsetningu að rask á Þjórsárhrauni vegna efnistöku í Búðanámu sé lítið miðað við heildarflatarmál hraunsins, því að verndargildi óraskaðs hrauns, innan og í nálægð framkvæmdasvæðisins, er mikið.“	að þó þessi skipulagsbreyting nái ekki fram að ganga hyggjast framkvæmdaraðilar að ná í það efni úr Búðafossnámu sem fyrirbyggjandi heimildir leyfa. Búið er að semja við landeigendur um stækkun efnistökusvæðisins.
3.3	„Fossinn Búði nýtur einnig sérstakrar verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga (nr. 60/2013) og þar stendur „fossar og nánasta umhverfi þeirra að því leyti að sýn að þeim spillist ekki, [...]“. Ekki er ljóst útfrá matsskyldufyrirspurn hvort að Búðanáma sé sýnileg í nágrenni fossins Búða eða hvort hún hafi áhrif á fossasýn.“	Afar ólíklegt er að efnistökusvæðið hafi áhrif á fossasýn. Hraunhryggur liggur vestan við efnistökusvæðið sem skyggir á sýnileika ofan í námuna. Hraunhryggurinn verður því nýttur sem náttúruleg mön sem ekki verður hreyft við. Fossinn er um 5-10 m neðan við fyrirhugað efnistökusvæði og ekki í sjónlínu við það. Á framkvæmdartíma gætu vinnuvélar haft einhver áhrif á ásýnd, en heildar framkvæmdatíminn er um 3 ár og áhrifin því tímabundin. Gengið verður frá efnistökusvæðinu að loknum framkvæmdatíma þannig að ásýndaráhrif verði sem minnst. Haft verður samráð við landeigendur um frágang svæðisins.
3.4	„Vestan við Búðanámu er Búðagarður sem er jökulgarður frá lokum síðasta jökulskeiðs. Rannsóknir hafa sýnt að Búðagarðurinn við fossinn Búða er hluti af því sem almennt er kallað Búðaröðin, en hana má rekja nær óslitið frá Skarðsfjalli í vestri og að Eystri-Rangá. Mestur er jökulgarðurinn við Búða, Búðagarður, frá nútíma, fyrir um 11.200 árum, en ytri garðarnir eru eldri, frá lokum síðjökultíma og eru allt að 12.100 ára gamlir. Búðaröðin í heild sinni hefur hátt vísinda- og fræðslugildi sem ummerki um stöðu ísaldarjökuls á Suðurlandi og hörfun hans í lok síðasta jökulskeiðs og í upphafi nútíma. Jökulgarðar á Suðurlandi	Efnistökusvæðið verður í um 300-400 m fjarlægð frá Búðagarðinum og öðrum jökulmenjum. Efnistaka mun þ.a.l. ekki hafa nein áhrif á Búðaröðina né aðrar jökulmenjar. Efnistökusvæðið er í um 250-350 m fjarlægð frá hraunjaðri Þjórsárhraunsins og mun því ekki hafa áhrif á þá jarðminjaheild. Efnistakan mun ólíklega hafa áhrif á ásýnd Búðagarðs vegna hraunhryggs sem liggur vestan við fyrirhugað efnistökusvæði sem verður nýttur sem náttúruleg mön. Neðst í þessu skjali er mynd sem tekin er af Búðaröðinni yfir fyrirhugað efnistökusvæði sýnir grófa

	frá þessu tímabili hafa varðveist illa og því hefur Búðaröðin hátt verndargildi vegna fágætis í landshlutanum. Búðagarðurinn hefur einnig mikið sögulegt gildi um rannsóknir jarðvísindamanna í upphafi síðustu aldar og fram til okkar daga um jöklunarsögu landsins. Þar sem fyrirhuguð Búðanáma er staðsett hefur Þjórsárhraunið runnið upp að Búðagarðinum og saman mynda þau jarðminjaheild um stóra atburði í jarðsögu landsins í lok síðasta jökulskeiðs og í upphafi nútíma sem hefur mikið verndargildi. Búðanáma mun hafa mikil neikvæð áhrif á þessar mikilvægu jarðminjar í því að raska jarðminjaheild og ásýnd þeirra.“	staðsetningu þess. Eftir frágang efnistökusvæðisins mun það vart verða sýnilegt frá Búðaröðinni.
3.5	„Ekki er fjallað ítarlega um vegaframkvæmdir að námunni, en ráðgert er að leggja aðkomuveg frá fyrirhuguðum Búðafossvegi að Búðanámu. Ljóst er að leggja þarf Búðafossveg í gegnum hraunið til að komast að Búðanámu og ekki kemur skýrt fram í greinargerð hvert hlutverk námunnar er í vegaframkvæmdunum, en gera má ráð fyrir að það sé efnispörf í tengslum við byggingu brúar yfir Þjórsá.“	Aðkomuvegur mun liggja frá Búðafossvegi að efnistökusvæði. Fyllingarefni í Búðafossveg vestan (norðan) Þjórsár verður tekið úr Búðanámu. Gert er ráð fyrir að efni verði losað og flutt beint frá efnistökusvæðinu. Ekki er gert ráð fyrir efnisvinnslu á svæðinu. Búðafossvegur, aðkomuvegur að námu og náman sjálf eru á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Framkvæmdaraðili vísar einnig í svarlið 3.2 varðandi skipulagsmál.
3.6	„Nokkrar opnar bergnámur eru í nálægð Árnass, má þar nefna Hálmholtsnámu í Merkurhrauni og fyrirhuguð er efnistaka í Sandártungu í Þjórsárdal, en báðar þessar námur eru í um 20 km fjarlægð (í beinni loftlínu) frá Búðanámu. Efnisnáman í Sandártungu felur í sér allt að 200.000 m³ af efni á 4 ha svæði og er nefnt í skipulagslýsingu að nýta eigi hana m.a. í Búðafossveg. Þá eru tvær opnar bergnámur í Minnivallahrauni sunnan við Þjórsá og eru í um 6 km fjarlægð frá Búðanámu. Fram kemur í greinargerð að nálægð í efnisnámu skipti miklu máli, en þegar um er að ræða svæði þar sem náttúruminjar eru metnar með hátt verndargildi er rétt að endurskoða þær áætlanir og hlífa minjunum.“	Búðanáma er einstaklega vel staðsett fyrir fyrirhugaða nýtingu efnis þar sem aksturslengd úr Búðanámu í Búðafossveg er undir 1 km. Hálmholtsnáma er í um 27 km akstursfjarlægð og Sandártungunáma í um 20 km akstursfjarlægð, hvoru tveggja í sömu jarðmyndun, Þjórsárhrauni. Aukinn akstursvegalengd myndi hafa í för með sér aukin neikvæð áhrif á loftgæði, hljóðvist, kolefnisfótspor, umferðaröryggi og vegakerfið, enda um 20-30 sinnum meiri akstur. Staðsetning efnistökusvæðisins hentar einnig vel þar sem akstur flutningabíla verður ávallt á lokuðu vinnusvæði og hefur því ekki áhrif á umferð eða umferðaröryggi.

		Náist ekki stórgrýti í rofvarnir af nægjanlegum gæðum úr Búðanámu gerir framkvæmdaraðili ráð fyrir að hægt verði að ná í þannig efni úr Sandártungunámu, enda standist það efniskröfur í viðeigandi hluta vegframkvæmdar. Ekki er reiknað með að flytja fyllingarefni úr Sandártungunámu enda er það grjótnáma. Efnistökusvæði austan (sunnan) við Þjórsá (s.s. Minnivallanáma) munu ekki nýttast vestan (norðan) Þjórsár fyrr en lokið er við að byggja nýja brú á Þjórsá. Efnistökusvæði þar eru einnig í sömu jarðmyndun, Þjórsárhrauninu.
3.7	„Í greinargerð matsskyldufyrirspurnar kemur einnig fram að hægt er að sækja efni úr frárennslisskurði fyrirhugaðrar Hvammsvirkjunar „ef ekki verður hægt að fá nægt efni úr Búðanámu“, en er jafnframt talinn óhagkvæmari kostur vegna meiri umhverfisáhrifa sem ekki er útskýrt nánar. Eins þarf að gera betur grein fyrir því hvort vafi sé á að fyrirhuguð efnistaka í Búðanámu sé nóg. Þá má gera ráð fyrir að með fyrirhuguðum virkjunarframkvæmdum opnist fyrir efnistökuastaði í hrauni innan í lónsstæði Hvammsvirkjunar sem mögulega gætu komið í staðin fyrir Búðanámu.“	Efnið úr Búðanámu verður nýtt í vegfyllingar vestan (norðan) Þjórsár. Aksturlengd úr Búðanámu í Búðafossveg er undir 1 km. Aksturlengd frá frárennslisskurði er um 68 km. Akstursvegalengd verður um 14 km þegar ný brú yfir Þjórsá verður komin. Aukin umhverfisáhrif felast fyrst og fremst í auknum akstri með tilheyrandi auknum neikvæðum áhrifum á loftgæði, hljóðvist, kolefnisfótspor, umferðaröryggi og vegakerfið. Reiknað er með að fullnýta efnisheimildir í Búðanámu og gengið verði frá námunni og henni lokað í verklok. Efni í fyllingar austan (sunnan) Þjórsár auk styrktarlags og burðarlags Búðafossvegar kemur úr frárennslisskurði Hvammsvirkjunar þar sem efni í Búðafossnámu standast ekki efniskröfur. Umhverfisáhrif Hvammsvirkjunar, þ.m.t. frárennslisskurðar, hafa nú þegar verið metin.
3.8	„Að ofansögðu telur Náttúrufræðistofnun að gera þurfi mun betur grein fyrir brýnni nauðsyn á opnun Búðanámu í tengslum við framkvæmdir við Búðafossveg. Í niðurstöðum á mati framkvæmdaraðila á áhrifum framkvæmda á jarðminjar stendur: „Jarðmyndanir á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði munu verða	Vísað er í svarlið 3.2 og 3.6 við þessum hluta umsagnar.

	fyrir beinu og varanlegu raski. Þegar horft er til víðfeðmi hraunsins og þeirrar staðreyndar að rask er aðeins brot af jarðmynduninni, þá er það mat framkvæmdaraðila að áhrif á jarðmyndunina sé óveruleg.” Eins og áður hefur komið fram er svæðið við og í nágrenni Búðanámu með hátt verndargildi og ekki er hægt að meta svæðið sem lítið brot af heildarflatarmáli Þjórsárhrauns. Efnistakan mun raska varanlega mikilvægum hluta Þjórsárhrauns og stofnunin metur áhrif efnistökkunnar á jarðminjar talsverð til verulega neikvæð.“	
3.9	„Í niðurstöðum á mati framkvæmdaraðila á áhrifum framkvæmda á landslag og ásýnd stendur: „Náman kemur ekki til með að vera sýnileg frá Þjórsárdalsveg né öðrum alfaraleiðum sökum hæðótts lands og þess að vinnslusvæðið verður niðurgrafið. Þegar litið er til þess að náman sé úr alfaraleið og að sýnileiki sé helst frá landeiganda þá er það mat framkvæmdaraðila að áhrif á landslag og ásýnd séu óveruleg.“ Gera má ráð fyrir að náman verði vel sýnileg úr suðri og hún verður í alfaraleið eftir að Búðafossvegur er kominn. Búðanáma mun jafnvel hafa áhrif á fossasýn Búða. Náman mun raska varanlega ásýnd þeirrar 3 jarðminjaheildar sem er við Búðagarðinn og sem hefur mikið verndargildi vegna þeirra stóru og merku atburða í jarðsögu landsins sem áttu sér stað á svæðinu í lok síðasta jökulskeiðs og í upphafi nútíma. Stofnunin metur áhrif efnistökkunnar á landslag og ásýnd talsverð til verulega neikvæð.“	Ekki er gert ráð fyrir að efnistökusvæðið verði mjög sýnilegt frá Búðafossvegi. Einnig er vísað í svarilið 3.3 og 3.4 við þessum hluta umsagnar.
3.10	„Ákvörðun um nýtt efnistökusvæði við Búðagarðinn kemur fram árið 2009 í tengslum við ákvörðun um Búðafossveg og að náman gæti jafnvel nýst vegna framkvæmda við fyrirhugaða Holtavirkjun. Það er mat Náttúrufræðistofnunar að á þeim tíma var ekki tekið nægilegt tillit til verndargildis jarðminja eða umhverfisáhrif framkvæmda á jarðminjar svæðisins. Efnistökusvæðið við Þjórsá	Framkvæmdaraðili vísar í svarlið 3.2 við þessum hluta umsagnar og ítrekar að Búðanáma er nú þegar með leyfi fyrir vinnslu 50.000 m³.

	er óraskað í dag og telur Náttúrufræðistofnun þörf á að endurmeta svæðið miðað við nágildandi náttúruverndarlög (nr. 60/2013).“	
3.11	„Náttúrufræðistofnun tekur undir þá skoðun að Búðafossvegur mun verða samgöngubót og tengja saman sveitarfélögin, en vill koma því á framfæri að veglína 7, sem varð fyrir valinu og þar sem hún liggur sunnan við Þjórsá, mun hafa gífurleg neikvæð áhrif á lítt raskaðar náttúruminjar sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga, þ.e. nútímahraun og votlendi, og auk þess að raska ásýnd og jarðminjaheild Búðaraðarinnar á þessu svæði. Náttúrufræðistofnun vill benda á að tillaga um veglínur 3 eða 4 sunnan við Þjórsá myndu valda mun minna raski á þessum merku náttúruminum.“	Þessi hluti umsagnar á ekki við um Búðanámu.
3.12	„Í nágildandi aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps, 2017-2029, eru áform um frístundabyggð, íbúðabyggð, iðnaðarsvæði og skógrækt á hrauninu sunnan við þéttbýlið Árnes og Þjórsárdalsveg, og því má reikna með að stór hluti nyðri hluta hraunsins verði fyrir varanlegu raski í náninni framtíð. Náttúrufræðistofnun telur mikilvægt að sveitarfélagið hugi að verndun svæðisins sem liggur í suðri að Þjórsá vegna sérstöðu og verndargildis Þjórsárhrauns, Búðaraðarinnar og fossins Búða. Búðaröðin hefur mikið vísinda- og fræðslugildi um tímabil í lok síðasta jökulskeiðs og í upphafi nútíma og ætti að vernda þar sem slíkir staðir eru fágætir á Suðurlandi. Þjórsárhraun er vitnisburður um eitt mesta hraunflæði á nútíma og þykir alþjóðlega mikilvægt. Á umliðnum árum hefur Náttúrufræðistofnun hvatt sveitarfélög á Suðurlandi til að huga að vernd á óröskuðum hluta Þjórsárhrauns, á meðan þess er enn kostur. Náttúrufræðistofnun leggur til að horfið verði frá opnun Búðanámu vegna verndargildis jarðminja innan og í nálægð svæðisins og að efnisþörf Búðafossvegar verði sótt í aðrar opnar og nálægar efnisnámur, að öðrum kosti er það mat stofnunarinnar að stækkun Búðanámu	Framkvæmdaraðili þakkar fyrir umsögn og athugasemdir Náttúrufræðisstofnunar Íslands en ítrekar jafnframt eftirfarandi atriði: • Búðanáma hefur verið á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps frá 2019 og náman er nú þegar með leyfi fyrir 50.000 m³. Skipulagsbreytingin miðar að því að stækka efnistökusvæðið í fleti og auka efnismagnið um 10.000 m³. Þegar hefur verið samþykkt að raska hrauninu vegna efnistöku. • Hraunhryggur sem liggur vestan við fyrirhugað efnistökusvæði verður nýttur sem náttúruleg mön til að draga úr ásynðaráhrifum. • Efnistökusvæðið er vel staðsett m.t.t. fyrirhugaðrar notkunar efnis þar sem akstursleiðir flutningabíla eru aðeins um 1 km. Stytttri akstursvegalengdir draga úr áhrifum á aðra umhverfisþætti s.s. loftgæði, hljóðvist, kolefnisfótspor, umferðaröryggi og vegakerfið.

	eigi að fara í mat á umhverfisáhrifum.“	
	Náttúruverndarstofnun, dags. 9.3.25	
4.1	„Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 29. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum. <i>Framkvæmdarlýsing</i> Í erindinu kemur fram að fyrirhuguð er stækkun á Búðanámu í 4,5 ha svæði en náman er í dag skráð 1 ha skv. aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Efnistaka á allt að 50.000 m³ er leyfð og fyrirhugað er að efnismagn aukist um 10.000 m³ í 60.000 m³ heildarmagn. Náman er í landi Minna-Hofs en fyrirhugað er að nýta efni úr námunni við vegagerð á Búðafossveg.“	Þessi hluti umsagnar krefst ekki svara
4.2	„Hraun Í greinargerð kemur fram að innan framkvæmdarsvæðisins er hraun sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Náttúruverndarstofnun bendir á mikilvægi þess að allt hraun sem nýtur sérstakrar verndar, nýtur verndar samkvæmt ákvæði laganna þó svo að það sé lítill hluti af heildarstærð af Þjórsárhrauni. Auk þess bendir Náttúruverndarstofnun á að svæðið sem hér er til umfjöllunar er óraskað. Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúrufyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir. Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að fjallað sé nánar um hraunið og það komi fram hvaða leiðir verði	Vísað er í svarlið 3.2 og 3.6 við þessum hluta umsagnar.

	farnar til þess að forðast rask þess sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Náttúruverndarstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á hrauni þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Náttúruverndarstofnun bendir á mikilvægi þess að við valkostagreiningu séu verndargildi hraunasvæða metin. Náttúruverndarstofnun bendir einnig á að eldhraun sem er að öllu leyti sandorpið eða hulið jarðvegi og gróðri og ekki er lengur hægt að greina hvort um hraun sé að ræða hefur að öllu jöfnu tapað þeim einkennum sem mynda verndargildi þess sem jarðmyndunar eða „hraunvistgerðar“ og nýtur það því ekki sérstakrar verndar samkvæmt greininni. Að mati Náttúruverndarstofnunar á að nýta þegar röskuð námusvæði í stað þess að hefja efnistöku á nýjum og óröskuðum stað í Þjórsárhrauninu. Ekki kemur fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á hrauninu. Því þarf, í samræmi við ofangreint ákvæði náttúruverndarlaga, að koma fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á hrauninu. Náttúruverndarstofnun tekur undir að framkvæmdin mun valda óafturkræfu raski á hrauni sem nýtur sérstakrar verndar og hafa því neikvæð áhrif til töluverð neikvæð áhrif.	
4.3	„Framkvæmdarleyfi Stofnunarinnar bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna	Framkvæmdaraðili bendir á að Búðanáma er nú þegar með leyfi fyrir vinnslu 50.000 m³ en fyrirhugað er að stækka efnistökusvæðið í fleti og auka efnismagnið um 10.000 m³. Framkvæmdaraðili mun sækja um framkvæmdarleyfi til sveitarfélaganna vegna framkvæmdanna.

	og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna. Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Náttúruverndarstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins. Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufernbærni sem verða fyrir röskun. Að mati Náttúruverndarstofnunar er óljóst hvort verndargildi hraunsins hafi verið metið og hvort aðrir valkostir (efnistökusvæði) utan hraunasvæða sem njóta verndar hafi verið skoðaðir.“	
4.4	„Jarðmyndanir Náttúruverndarstofnun bendir á að eitt markmið náttúruverndarlaga nr. 60/2013 sé að vernda jarðfræðileg fernbærni og landslag. Stofnunin telur að fyrirhuguð stækkun Búðanámu sé í andstöðu við markmið laganna. Að mati Náttúruverndarstofnunar myndi opnun og stækkun Búðanámu jafnframt leiða til mikillar röskunar á Þjórsárhrauni sem nýtur verndar samkvæmt 61. gr sömu laga. Þjórsárhraun er stærsta hraun sem runnið hefur á jörðu frá lokum ísaldar og er óvíða jafn heillegt og á þessu svæði norðan við Búðafoss. Þarna norðan við Búða og sunnan við Árnes myndar hraunið samfellda hraunbreiðu sem er um 7 km². Ein raflína liggur í gegnum hraunið, en fyrir utan það er þessi hraunbreiða að nær öllu leyti óröskuð. Fyrir liggur að nýr Búðavegur/Árnesvegur mun skera hraunið þarna og raska því mikið. Náttúruverndarstofnun leggur hins vegar ríka áherslu á að hrauninu verði hlíft.	Búðanáma hefur verið á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps frá 2019 og er aðkomuvegur að efnistökusvæðinu einnig sýndur á skipulagi (mynd 1.3 í matsskyldufyrirspurn). Um svæðið liggur háspennulína ásamt línuvegi, raflína RARIK ásamt slóða, girðingar, aðrir slóðar og skógrækt. Hraunbreiðan er því lítillaga röskuð. Að öðru leiti er vísað í svarlið 3.4 við þessum hluta umsagnar.

	<i>Náttúruverndarstofnun bendir á að náman raskar landslagsheild sem er svo gott sem óröskuð í dag. Þarna leggst Þjórsárhraun upp að Búðargarðinum, sem eru merkilegar ísaldarminjar. Efnistakan myndi hafa mikil áhrif ásýnd svæðisins og raska því. Þá er óljóst hvernig á að opna námuna og sækja þangað efni án þess að opna nýja vegi/slóða sem ekki koma fram í greinargerðinni.“</i>	
4.5	<i>„Búðarröðin Náttúruverndarstofnun bendir á að Búðarröðin sjálf er röð jökulgarða sem þykja hafa mjög hátt vísindalegt gildi, enda markar hún framrás jökla á Suðurlandi við lok síðustu ísaldar. Eru þetta sennilega þekktustu jökulgarðar landsins og hafa þeir verið mikið rannsakaðir. Búðanáma myndi hafa áhrif á ásýnd garðanna. „</i>	Vísað er í svarlið 3.4 við þessum hluta umsagnar.
4.6	<i>„Valkostir Í greinargerðinni er bent á að ef ekki næst efni úr Búðanámu, sé fyrir hendi valkostur um efnistöku úr frárennslisskurði Hvammsvirkjunar, þó það kalli á lengri flutning. Náttúruverndarstofnun setur því spurningamerki við þörf þess að opna eða stækka Búðanámu, þar sem fyrirliggjandi valkostir, þ.e.a.s. frárennslisskurður og aðrar námur á svæðinu, tryggja aðgang að því efni sem þarf. Náttúruverndarstofnun telur réttast væri að endurskoða þörfina á námunni frá grunni, með það að markmiði að forðast óþarfa rask á Þjórsárhrauni og þeirri merkilegu landslagsheild sem hraunið myndar með Búðarröðinni. Framkvæmdaraðili metur það óhagkvæmara og feli í sér meiri umhverfisáhrif að nýta efni úr frárennslisskurði Hvammsvirkjunar. Að mati Náttúruverndarstofnunar er mikilvægt sýna betur fram á, hver umhverfisáhrif þess sé að haugsetja efni úr frárennslisskurði.„</i>	Vísað er í svarlið 3.6 við þessum hluta umsagnar.
4.7	<i>„Jafnframt bendir stofnunin á að náman er um 300-350 metra frá fossinum Búða. Fossar njóta sérstakrar verndunar samkvæmt 61. grein náttúruverndarlaga. Samkvæmt greininni skal forðast að</i>	Vísað er í svarlið 3.3 við þessum hluta umsagnar.

	raska fossum og nánast umhverfi þeirra, að því leytinu til að sýn þeirra spillist ekki. Greinargerðin gerir ekki grein fyrir því hvort naman muni hafa áhrif á ásýnd fossins. Náttúruverndarstofnun bendir á að líklegt sé að naman og fossinn verði sýnileg samtímis frá útsýnisstöðum, t.d. ofan af Búðaröðinni, þrátt fyrir að námunni sé valin staðsetning austan við hólaröð í hrauninu sem mun fela námuna að einhverju leyti.“	
4.8	„Búðafossvegur – Árnesvegur Í greinargerð kemur fram að naman er í landi Minna-Hofs en fyrirhugað er að nýta efni úr námunni við vegagerð á Búðafossveg og er skýrsla frá árinu 2009 hvað veginn varðar höfð með erindinu sem fylgiskjal. Náttúruverndarstofnun bendir á að þar sem vegurinn liggur frá Landvegi að Þjórsá mun hanni liggja í óröskuðu landi þar sem er hraun, votlendisvistgerðir2, mikilvægt fuglasvæði3 og vötn/tjarnir og votlendi sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga og mun því hafa áhrif á ofangreinda umhverfispætti. Fyrir liggur úrskurður Skipulagsstofnunar frá 28. ágúst 2009 vegna lagningar Búðafossvegar nr. 23 (áður Árnesvegur). Í úrskurði stofnunarinnar er talið að framkvæmdin valdi ekki umtalsverðum umhverfisáhrifum og að ekki sé þörf á mati á umhverfisáhrifum. Náttúruverndarstofnun bendir á að í 61. gr. náttúruverndarlaga 60/2013 er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruvafyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.“	Þessi hluti umsagnar á ekki við um matsskyldufyrirspurn vegna Búðanámu.
4.9	„Fok Í matsskyldufyrirspurn er er sagt að mögulegt fok úr námunni	Vindur blæs inn að miðju vindrósar á mynd 1.2 svo ríkjandi vindátt er norðaustlæg átt.

	<i>verði til suðvesturs. Náttúruverndarstofnun bendir á að á mynd (1.2) sést að ríkjandi vindátt er úr suðvestri þannig að fok ætti í raun frekar að vera til norðausturs og þá yfir byggðina í Árnesi.“</i>	
4.10	<i>„Niðurstaða Að mati Náttúruverndarstofnunar munu framkvæmdirnar valda neikvæðum og óafturkræfum áhrifum á jarðmyndanir og einnig bendir stofnunin á mikilvægi þess að skoðaðir séu aðrir valkostir“</i>	Framkvæmdaraðili þakkar fyrir umsögn og athugasemdir Náttúruverndarstofnunar. Framkvæmdaraðili vill þó benda á að staðsetning námunnar hentar vel og myndi efnistaka úr námum í meiri fjarlægð hafa neikvæð áhrif á aðra umhverfispætti eins og kemur fram í svarlið 3.12.

Fyrirhugað efnistökusvæði

